

## Ísland í erlendum ritum samkvæmt rannsóknum Sumarliða Ísleifssonar

Sumarliði Ísleifsson: Ísland: framandi land. M&M, Rvk. 1996: „Eitt þeirra fjarlægju svæða sem Gajus Plinius rædd um í *Naturalis historia* var eyjan Thule.“ 13

„Í sumum frásögnum í látið í veðri vaka að íbúar Thule þurfti lítið fyrir lífinu að hafa, enda veiti náttúran þeim ríkulega af nægtabrunni sínum, auk þess sem landsmenn verði með ólíkindum gamlir. Á vorin lifi þeir meðal sauðkindanna og drekki mjólk en nærast á ávöxtum á vetrum, enda nóg til að slíku.

Þessari frásögn svipar til fornra goðsagna af Hyperboreum, nyrstu íbúum jarðarinnar, sem bjuggu handan norðanvindsins í eilífri sælu. Hvorki hrjáðu þá elli, skortur né sjúkdómar; vísir voru þeir og réttlátir, svo og gestrisnir og heiðarlegir og lifðu ísátt hver við annan“ 13

Giraldus Cambrensis (1146-1223?), enskur sagnaritari, ritaði m.a. *Topographia Hiberniae*. Þar er m.a. fjallað um Ísland. „Segir meðal annars að þar búi „stutturð og sannorð þjóð“ og fátt sé fyrirliðið meira en ósannsögli, sami maður sé konungur og prestur og hafi biskupar nánast sömu völd og konungar.“ (Sumarliði Ísleifsson: Ísland: framandi land. M&M, Rvk. 1996, bls.21

Jakob Ziegler (1480-1549), landafræðingur, sagnaritari. Gaf m.a. út ritið *Scandia*, þar sem Ísland ber á góma. „Z.þ greinir líka frá því að íbúar Íslands séu nægjusamastir allra, að þeir séu kristnir og hafi sitt eigið ritmál. Hann kveðjur þá minnst afreka forfeðranna og viðburða samtíðarinnar í söngvum og kveðskap; kvæðin séu einnig skrifuð niður og jafnvel skráð á hamraveggi til varðveislu fyrir komandi kynslóðir.“ (Sumarliði Ísleifsson: Ísland: framandi land. M&M, Rvk. 1996, bls. 27

David Chytræus (1530-1600), þýskur fræðimaður, sagnaritari. Skrifaði m.a. um sögu Norður-Þýskalands og Norðurlanda, *Chronicon Saxoniae et vicini orbis Arctoj*. Þar er getið um Ísland. Hugsanlega fyrsta rit um Ísland grundvallað á frásögn íslenskra menntamanna.

Gories Peerse, þýskir kaupmaður og sagnaritari, gaf 1561 m.a. út kvæðaritið *Van Yssland, Wat vor Egenschap, wunder und ardt des Volckes, der Deertte Vögel und Vische, darsülest gefunden werden* (Um Ísland, eiginleika, undur og eðli þeirrar þjóðar, dýra, fugla og fiska sem þar finnast). Talið til ferðalygisagna, afar óvinsælt á Íslandi, talið níð og ósannleikur. Arngrímur Jónsson, lærði, skrifaði síðar gegn riti þessu. Engu að síður er frásögn hans fyrsta ferðalýsing af Íslandi, þar eð tali er víst, að höfundur hafi komið til Íslands.

„Í kringum andamótin 1600 urðu nokkur tímamót í þessu efnunum. Íslenskir menntamenn sem fylgdust með erlendum ritum þar sem birtust frásagnir af landi þeirra og þjóð urðu sárreiðir yfir þeim óhróðri sem þeir töldu erlenda höfunda vera a dreifa um Ísland, þar sem það væri gert að „athlægi meðal annarra þjóða.“ 41

Dithmar Blefken, þýskur prestur og landfræðingur og ferðasöguritari, reit á latínu árið 1607 ferðalýsingu frá Íslandi: *Islandia sive Populorum et mirabilium quae in ea Insula reperiuntur accuratior descriptio*. Ritið fór mjög fyrir brjóstið á samtímamönnum íslensku.

„Blefken greinir frá stjórnarfari í landinu; segir hann að fyrir utan alþýðu, sem þræli fyrir þá ríku séu þrír hópar manna, lögmenn, bændur og kirkjunnar menn, og ráði þeir öllu.“ 48

„Blefken greinir einnig frá helstu einkennum landsmanna, segir þá hreykna og þóttafulla, einkum af líkamsburðum sínum, og dæmi séu um Íslendinga sem lyfta Hamborgartunnu fullri af bjór, „bera hana að vörum sér og súpa af.““ 48

„...konur séu fallegar en skartlausar. ...mjög lúsuga, tíni þeir lýsnar hver af öðrum og sé þakkað fyrir hverja lús sem tínd er með því að taka ofan. Á nóttunni sofi allir í sama íverustað og pissi í sama kopp. Að morgni þvoi heimilisfólk andlit, munn, tennur og hendur úr hlandinu og telji því margt til ágætis.“ 48

Daníel Vetter, tékki: „Engu að síður segir hann þá góðlynda og gleða, og „hreykja sér og hrósa af landi sínu“ og segja að ekkert land undir sólinni“ sé betra en Ísland.

Abramham Ortelius (1527/1528-1598), flæmskur landfræðingur og kortagerðarmaður, af sumum talinn upphafsmaður landafræðibókarinnar (atlas). Þekktasta verk hans er *Theatrum orbis terrarum*, útgefið 1570. Skrifar m.a. um Ísland. Í seinni útgáfum verksins gætir áhrifa frá Arngrími Jónssyni, lærða.

„Er Ortelius því með fyrstu höfundum sem styðjast að einhverju leyti við lýsingar íslenskra höfunda.“ 61

Johann Anderson (1674-1743), um tíma borgarstjóri Hamborgar, sagnaritari. Reit m.a.: *Nachrichten von Isalnd, Grönland un der Strasse Davis*, sem útkom á þýsku í heimaborginni 1746, á dönsku 1748.

„...líka sé flutt til landsins öl, vín og brennivín og drekki jafnt ungir sem aldnir, konur sem karlar sig augafull við hvert tækifæri. ...Jafnvel prestarnir fari drukknir í stólinn og verði oft messufall sökum drykkju, bæði presta og söfnuðar. Segir höfundur, að Íslendingar séu hjátrúarfullir, hefningjarnir, þrætusamir, meinyrtir, lævísir, undirförulir, hóflausnir og lostafullir, auk þess að vera þjófgegnir og svikulir. .. svo huglausa að þeir þori ekki að skjóta úr byssu ... svo atir að þeir geri helst ekkert nema brýna nauðsyn beri til, ...svo þráir og í haldssamir að þeir breyti aldrei neinu frá fyrri háttum.“ 77

„...verða ekki verulega skil í sögu hugmynda um Ísland fyrr en eftir miðja 18 öld. Á síðari hluta þeirrar aldar og fyrri hluta hinnar 19. tóku umfjallanir um Ísland miklum breytingum frá því sem áður var...“ 81

„Áhugi á norrænni menningu og norrænum löndum jókst mjög á 18. öld og lifði góðu lífi fram eftir allri næstu öld. .... Til dæmis var íslenskum víkingum lýst svo undir lok 19. Aldar að þeir hefðu verið „heimsins hraustustu stríðsmenn, djörfustu sjómenn og þrálýndustu heiðingjar, en líka bestu eiginmenn, mildustu feður og traustustu vinir.“ „ 85

„Víkingar og víkingaferðir höfðuð auk þess mjög til margra á tímum síaukinnar útpenslu Evrópuþjóða og var talið nærri lagi að líkja ferðum víkinga við sæfarir og landvinninga enskra þjóðhetja. Við höfum „erft áræðni þeirra og ást á hafinu. Allt sem þá varðar [norræna menn á miðöldum] er því svo áhugavert fyrir okkur“, sagði E.J. Oswald meðal annars í Íslandsbók sinni *By Fell and Fjord* á síðari hluta 19. aldar.“ 85

Joseph Banks (1743-1820), breskur landkönnuður og vísindamaður. Gerði m.a. út leiðangur til Íslands 1772. Hafði áður tekið þátt í suðhafsför Cook 1768-1771 og leiðangri til Nýfundnaland 1766. Um hríð formaður hins breska vísindafélags. Hann var talsmaður þess,

að Ísland yrði lagt undir bresku krúnuna. Áhugamaður um Ísland og lagði landanum einnig margvíslega lið svo og þeim, sem ferðuðust til landsins.

Uno von Troil (1746-1803), sænskur guðfræðingur og fræðimaður, tók m.a. þátt í vísindaleiðangri Joseph Banks til Íslands. Hann gef út bókina: Bref rörande en resa til Island MDCCLXXII, útgáfuár 1777. Hann kleif Heklu ásamt fleiri leiðangursmönnum hreyktu sér af þessu afreki, tölu sig jafnvel vera þá fyrstu, er það ynnu. En Eggert og Bjarni höfðu áður klifið fjallið. Það ætti leiðangursmönnum að hafa verið kunnugt.

„Hlýlegum orðum fer höfundur um landsmenn. Segir þá „góðlynda og heiðarlega“ og séu lestri fáir meðal þeirra ... séu þjófnaðir fátíðir, sömuleiðis lauslæti. Þá segir höfundar að Íslendingar séu gestirnir, líkt og forfeður þeirra, en fátækt setji þeim þó skorður, ljómi fögnuður „úr augum þeirra“ þegar aðkomumaður þiggi af þeim beina. Ekki eru landsmenn þó gláðsinna að mati höfundar, sjaldan sjáist þeir hlæja, flesti framkvæmi þeir af gömlum vana og lítið sé þeim um nýjungar gefið.“ 110

John Thomas Stanley (1766-1850) til Íslands 1789. „Völdu Stanley og förunautar hans þeim ófagrar einkunnir, svo sem að þeir væru ágjarnir og ógreiðviknir, latir, lævísir, óásjálegir, þunglyndir og deyfðarlegir, fyrir utan allan óþrifnaðinn sem landsmenn bæru utan á sér og lifðu innan um; ...“ 118-119.

Yves Joseph de Kerguelen-Trémare (1734-1797), franskur náttúrufræðingur og flotaforingi, tók þátt í landkönnunarleiðangri á Íslandi 1767 til 1768 á freigátunni La Folle. Einn heimildamanna hans hefur trúlega verið Eggert Ólafsson. Hann hafði lengsta viðdvöl á Patreksfirði. Hann birti niðurstöður í bók sinni: Relation d'un voyage dans la Mer du Nord, sem kom út árið 1771. Kergueleneyjar við suðurskautið eru kenndar við hann.

„Landsmenn segir Kerguelen vera vel gerða, af meðalstærð og alvörugefna en lata og sá ljóður sé á ráði þeirra að þeim þyki gott að fá sér í staupinu.“ 104

Jean-Rene Antoine Verdun de la Crenne (1741-1805), franskur náttúrufræðingur og landmælingamaður, leiðangursstjóri leiðangurs, er stundaði rannsóknir á Vestfjörðum 1771 með bækistöð á Patreksfirði. Einn heimildamanna hans var sér Björn Halldórsson í Sauðlauksdali. Niðurstöður leiðangursmanna birtust í ritinu: Voyage fait par ordre du roi en 1771 et 1772, en diverses parties de l'Europe, de l'Afrique et de l'Amerique, sem útgefið var 1778. Aðrir höfundar að verkinu voru: Alexandre Guy Pingré (1711-1796) og Jean-Charles de Borda (1733-1799).

Christophe-Paulin de la Poix de Fréminville (1787-1848), franskur sjóliðsforingi, fornleifafræðingur, landmælingamaður og landkönnuður. Leiðangur hans um norðurhöf hafði viðdvöl á Vestfjörðum, einkum Patreksfirði (eins og fyrri leiðangrar franskir). Bók hans um leiðangurinn kom út í enskri útgáfu 1819. Undir dulnefni skrifaði hann um jákvæð áhrif kvenfatnaðar á sálina: Essai sur l'influence physique et morale du costume féminin. Jafnvel talinn klæðskiptingur (transvestism). ([http://en.wikipedia.org/wiki/Christophe-Paulin\\_de\\_La\\_Poix\\_de\\_Fr%C3%A9minville](http://en.wikipedia.org/wiki/Christophe-Paulin_de_La_Poix_de_Fr%C3%A9minville))

„Höfundur áleit sennilegt að óvída annars staðar væru betur varðveittir hættir frumstæðs fólks. Lýsti hann fólkinu sem góðviljuðu, gestrisnu og fullu trúnaðartrausts, auk þess sem það þekkti ekki til hinna ofstopafullu kennda sem leiddu til þess annars staðar að menn gengju í skrokk hver á öðrum; þjófnaðir og rán væru með öllu óþekkt og húsdyr aldrei læstar.“ 121

„Undir lok fyrsta áratugar 19. aldar var hnýttur þráður sem enn er óslitinn. Frá því að William Jackson Hooker og George Mackenzie komu hingað til lands hefur straumur útlendra gesta og frá sagna þeirra af landinu verið óslitinn.“ 121

William Jackson Hooker (1785-1865), breskur grasfræðingur, gerði m.a. rannsóknir á Íslandi 1809, naut stuðnings Sir Joseph Banks. Á heimleiðinni var hann samferða Jörundi hundadagakonungi, hinum sjálfskipaða þjóðhöfðingja Íslendinga, sem nú var fangi breska sjóhersins. Svo illa vildi til, að skip þeirra brann og þar með öll gögn Hooker. Engu að síður gaf hann út bókina: *Journal of a Tour in Iceland* árið 1811.

„...fannst landsmenn myndarlegir í meðallagi en sumar konur gætu jafnvel talist fallegar á Englandi. ... Áleit hann lítið um aðrar skemmtanir en sögulestur, enda ekki annað á boðstólnum. Sjúkdóma kvað Hooker vera algenga og aðbúnað sjúkra víða hörmulegan, fyrir utan lús og ólykt hjá almenningi.“ 127

1800: George Steuart Mackenzie (1780-1848), skoskur jarðfræðingur og steinafræðingur (mineralogist), gerði rannsóknir á Íslandi 1810 og í Færeyjum 1812. Skrifaði bókina: *Travels in the Island of Iceland* um rannsóknir sínar. Bókin kom út í fyrstu útgáfu 1811. Lét í ljósi óskir um að gerast landstjóri (Breta) yfir Íslandi.

„Mackenzie og meðreiðarsveinum þótti húsakostur Íslendinga ekki heldur merkilegur og byggju fátæklingar í aumum kofaræsknum. Þótti þeim með ólíkindum að nokkur mannleg vera skyldi þrífast inni í verstu húsunum sem einna helst minntu á moldvöruhauga utan frá séð en á jarðhella að innanverðu. En stundum mátti snúa á ólyktina með því að kveikja sér í vindli. Lítið skárna ástand var í kirkjunum, að minnsta kosti sumum þeirra, til dæmis í Krísvík, og hefðu þar verið komin saman „öll þau ógeðlegheit, sem framast er hægt að hugsa sér, skítur, myrkur og óþefur af fiski á öllum mögulegum herzlustigum ... og ofan á allt annað var svo hið litla gólfrymi fyllt með kössum, timbri og alls konar skrani“ [skrifað af Henry Holland, einum leiðangursmanna].

Henry Holland (1788-1873), breskur læknir, landkönnuður og ferðasagnaritari. Tók m.a. þátt í leiðangri George Mackenzie. Skrifaði m.a. *The Iceland Journal* 1810 eða *Dagbók í Íslandsferð* í þýðingu Steindórs Steindórssonar frá 1960. Bar hann Íslendingum almennt vel söguna, þrátt fyrir að skortur á hreinlæti ylli honum hryllingi.

Ebenezer Henderson (1784-1858), skoskur guðfræðingur og þjóðfræðingur, prestur í Helsingjaeyri (Helsingör) í Danmörku, dvaldi á Íslandi árin 1814-1815. Helsti tilgangur ferða hans var að útbreiða Biblíuna. Hann skrifaði einnig tveggja binda verkið: *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island*, sem kom í fyrstu útgáfu 1818. Bókin er þýdd af Snæbirni Jónssyni 1957: *Ferðabók – frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815 með vetursetu í Reykjavík*.

„Yfirleitt er hann jákvæður í garð Íslendinga en ýmislegt fannst höfundur þó einkennilegt, tæpast í anda velsæmis, vægst sagt óþægilegt eða jafnvel ókristilegt. Drykkjuskapur var ljóður á ráði landsmanna, en þó ekki alvarlegt vandamál að hans mati. Sérkennilegt fannst honum að oft sváfu tveir og tveir andfætis í hverju rúmi sem þó var yfirleitt í þrengsta lagi. Svo var það gagnstætt þeim síðum sem hann hafði vanist þegar myndarlegar heimasætur komu til hans á kvöldin og drógu af honum sokka og buxur. Litlu skárna var að koma mjög seint eða snemma á bæi, það er að segja eftir að fólk var gengið náða eða áður en það reis úr rekkju. Mátti búast við að heimilisfólk settist allsbært upp í rúmunum sínum til þess að sjá

óvæntan gest. Ólykt fór líka fyrir brjóst trúboðans og ekki hugnaðist honum að fólk hafði fyrir sið að klóra sér ákaflega og fylgdi því stundum svo mikill hávaði að engu var líkra en verið væri að kemba hrossum.“ 132

„Þá væri ættjarðarást þeirra óvenju heit, eins og títt var um slíkt fólk, og birtist það skýrt í málshætti landsmanna: „Island er hinn besta land sem solinn skinnar uppá“, eins og Henderson orðaði það. Ættjarðarást Íslendinga hafði verið rómuð frá gamalli tíð, ... Tvö hundruð árum fyrr hafði Daníel Vetter svipaðan málshátt eftir þeim.“ 132

„Siði og venjur landsmanna taldi hann a mestu hafa verið óbreytta í þau níu hundruð ár sem þeir hefðu búið í landinu og héldu Íslendingar fast í fornar venjur og hefðir. Gagnstætt við ýmsar aðrar lýsingar áleit hann landsmenn glaðlega, áræðna, gestrisna og hjálpsama.“ 132(Sumarliði Ísleifsson: Ísland: framandi land. M&M, Rvk. 1996, bls.

Ida Laura Pfeiffer (1797-1858), austurrískur heimshornaflakkari, landfræðingur og ferðabókarithöfundur, kom eins síns liðs til Íslands 1845, fyrst kvenna, og ferðaðist víða. Kleif Heklu meðal annars. Ári síðar sagði hún frá ferðum sínum í riti sínu: Reie nach dem scandinavischen Norden und der Insel Island im Jahre 1845.

„...kvaðst hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum. Ekki var nóg með að Íslendingar og hífýli þeirra væru skítug, kjör almennings aum og landsmenn ókurteisir heldur voru þeir líka að hennar mati latir, drykkfelldir og fégráðugir. Átti það bæði við um betri borgara í Reykjavík og almenning. Áleit hún að í óþrifnaði skipuðu Íslendingar tvímælalaust öndvegi meðal þjóða og kæmust bedúinar, arabar og Grænlandingar ekki í hálfkvisti við þá í þeim efnun. Ekki hugnaðist ferðakonunni heldur kveðjusiðir landsmanna; hafði hún lítinn áhuga á að kyssa skítug, ljót og tóbakskámug andlit. Til málsbóta var þó að Íslendingar voru ekki þjófóttir og glæpir fátíðir. ... Má raunar segja að álit hennar á þjóðinni hafi verið í öfugu hlutfalli við mat hennar á landinu.“ (Sumarliði Ísleifsson: Ísland: framandi land. M&M, Rvk. 1996, bls. 140

„Margir þeirra sem komu til Íslands á síðari hluta 19. aldar voru neikvæðir í garð Íslendinga. Sumir voru beggja blands en fjöldinn allur var jákvæður gagnvart Íslendingum.“ 189

Die Nord-Polarländer: nach ältern und den neuesten Reisebeschreibungen namentlich nach den Berichten Mackenzie's, Scoreby's, desgleichen der Seefahrer Ross, Parry und Otto v. Kotzebue, und mit Benutzung der Werke Hooker's, Henderson's, Anspach's. Gefin út í Leipzig 1822.

„Höfundur lýsir andlegu og líkamlegu atgervi landsmanna. Segir hann þá yfirleitt vel vaxna, ljósa á hár og granna; einkennist skaplyndi þeirra af dirfsku, iðjusemi og skapstillingu. Þó séu þeir skapríkir og svo elskir að heimahögum sínum að þeir fullyrði að „Island das beste Land unter der Sonnes ey“. Höfundur segir þá líka gestrisna með fádæmum og eigi það jafnt við um ríka sem fátæka. Vel telur höfundur að búið sé að uppfræðslu æskunnar sem fari fram í umsjá foreldra. Þá séu landsmenn trúræknir og biðji Guð aða vera með sér við flest tækifæri. Segja megi að kjörorð þessa iðna og guðhrædda fólks sé: „Að iðja er að biðja.“ (Sumarliði Ísleifsson: Ísland: framandi land. M&M, Rvk. 1996, bls. 140.)

Joseph Paul Gaimard (1796-1958), franskur náttúrufræðingur og skipslæknir, leiðangurstjóri vísindaleiðangurs um norðurhöf 1835-1836 á skipinu La Recherche. Niðurstöður voru birtar í níu binda verki: Voyage en Islande et au Groënland exécuté pendant les années 1835 et 1836 sur la corvette La Recherche. Níunda bindið geymdi teikningar. Árið 1852 gaf hann út: Atlas

historique et pittoresque: Voyage en Scandinavie, en Laponie, au Spitzberg et aux Feröe, pendant les années 1838, 1839 et 1840, sur la corvette La Recherche commandée par M. Fabvre. Þar má m.a. sjá húslestur á íslensku alþýðuheimili. Myndin (nokkuð breytt) var síðar notuð á íslenskan tíu króna peningaseðil.

„Markmiðið með myndinni er að draga fram fróðleiksfýsn þjóðarinnar og hversu mjög hún sinni um sögu sína og bókmenntir. ... átti eftir að birtast oftar en flestar aðrar myndir tengdar Íslandi í örðum ritum, oft eitthvað breytt eða sem spegilmynd. Myndin varð vinsælt tákni um hátt menningarstig íslensks bændasamfélags.“ 193

„Var einkum skýurt frá fyrstu byggð á Íslandi þegar „blómi Noregs“, óstýrilátir og harðgerir menn og konur, yfirgaf föðurland sitt vegna yfirgangs Haralds hárfagra og hélt á vit nýrra heimkynna, þar sem þeir gátu verið sjálfstæðir og óháðir, svo sem þeir höfðu vanist.“ 195-196

„Það er einkum í þýskum og sumum enskum frásögnum á síðari hluta 19. aldar sem Íslendingar eru sagðir háir og grannir, ljósir yfirlitum og bláeygir, en það er ólíkt því sem tíðkaðist í mörgum eldri lýsingum.“ 196-197.